



Bt. Félag/Stjórnarformaður/forstjóri

*Bréf þetta var sent með rafrænum hætti á póstfangið:*

Reykjavík, 18. febrúar 2025

### **Efni: Áskorun til stjórnna skráðra félaga varðandi hækkun stjórnarlauna**

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hefur tekið til umfjöllunar áherslur varðandi hækkun stjórnarlauna í þeim skráðu innlendu félögum sem sjóðurinn er hluthafi í. Fyrir liggur að þegar hafa komið fram tillögur að hækkun stjórnarlauna sem eru allnokkuð umfram þær almennu hækkanir sem samið hefur verið um í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.

Því beinir Lífeyrissjóður eftirfarandi áskorun til framangreindra félaga. Áskorunin verður jafnframt birt á vef sjóðsins.

#### **Áskorun til stjórnna skráðra félaga varðandi hækkun stjórnarlauna**

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna skorar á stjórnir skráðra félaga sem sjóðurinn er hluthafi í að gæta hófs varðandi hækkun stjórnarlauna í tengslum við komandi aðalfundi félaganna. Í því sambandi telur Lífeyrissjóðurinn m.a. eðlilegt að horft sé til hækkana í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Samkvæmt þeim eru almennar hækkanir á árinu 3,5% eða að lágmarki 23.750 kr.

Með því leggist aðilar vinnumarkaðarins og fyrirtæki á eitt við að draga úr hækkun verðbólgu og þar með styðja við áframhaldandi lækkun vaxta. Það er að mati sjóðsins mikilvægt í þágu fyrirtækja í eignasafni Lífeyrissjóðsins og þar með sjóðfélaga.

Það er ósk Lífeyrissjóðs verzlunarmanna að stjórnir viðkomandi félaga taki erindi þetta til jákvæðrar skoðunar og gæti hófs í hækkun stjórnarlauna. Það kann eftir atvikum að vera eðlilegt að taka tillit til þróunar stjórnarlauna undanfarinna ára.

Virðingarfyllt,

f.h. Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

*Stefán Sveinbjörnsson,*

formaður stjórnar